

# IMPULSE

Identity management in public services: A multidimensional analysis of disruptive technology approaches

## Verkefnalýsing

Upphaf 1 febrúar 2021	Lok 31 janúar 2024	Heildarstyrkur ESB €3,987,593.75	Hlutur Reykjavíkur €236,250
-----------------------	--------------------	-------------------------------------	--------------------------------

<b>Bakgrunnur</b>	<p><i>IMPULSE</i> er evrópskt rannsóknar og nýsköpunarverkefni sem hefst 1 febrúar 2021 sem mun gera tilraunir með auðkennislausnir sem nýta gervigreind og bálkakeðjutækni. Reykjavíkurborg mun leggja áherslu á þróun lausna sem mun auðvelda einstaklingum sem búa við líkamlega skerðingu að auðkenna sig á samráðsgáttum borgarinnar. <i>IMPULSE</i> er þannig beintengt sýn <i>Græna Plansins</i> um að engin verði skilin eftir í grænni umbreytingu borgarinnar. Verkefnið er kostað af rannsóknar og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, <i>Horizon 2020</i>. Það er til 3 ára og fær Reykjavíkurborg €236,250 til þátttöku í <i>IMPULSE</i></p>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>– Greining á áskorunum sem varða innleiðingu og áhrif gervigreindar og bálkakeðjutækni hjá hinu opinbera út frá sjónarmiðum persónuverndar, tækniþátta, staðla, siðferðis og samfélags og annarra rekstrarþátta og sjónarmiða.</li><li>– Að þróa gervigreindar og bálkakeðjudrifin persónuauðkenni sem auðvelda aðgengi að þjónustu og stjórnsýslu hins opinbera</li><li>– Tilraunir með gervigreindar og bálkakeðjudrifnar persónuauðkennislausnir</li><li>– Að virðisgreina notkun slíkrar tækni til skemmri og lengri tíma þ.m.t. mat á virðisvíddum, hugsanlegum ávinning og áhættum og sjálfbærni</li><li>– Að greina hvernig gervigreindar og bálkakeðjutækni situr og samþættist með þeirri upplýsingatækni sem fyrir er í stjórnkerfi borgarinnar og áskorunum sem tengist skölun tækninnar</li><li>– Að smíða vegvísi sem styður við innleiðingu gervigreindar og bálkakeðjutæknilausna hjá hinu opinbera.</li></ul>
<b>Afurðir</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>– Þekking á áskorunum sem varða innleiðingu og áhrif gervigreindar og bálkakeðjutækni hjá hinu opinbera út frá sjónarmiðum persónuverndar, tækniþátta, staðla, siðferðis og samfélags og annarra rekstrarþátta og sjónarmiða.</li><li>– Tilraunir með gervigreindar og bálkakeðjudrifnar persónuauðkennislausnir við raunaðstæður TRL6.</li><li>– Virðisgreining á notkun slíkrar tækni til skemmri og lengri tíma þ.m.t. mat á virðisvíddum, hugsanlegum ávinning og áhættum og sjálfbærni</li><li>– Vegvísir sem styður við innleiðingu gervigreindar og bálkakeðjutæknilausna hjá hinu opinbera.</li></ul>
<b>Stefnuflétir</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>– Græna planið</li><li>– Velferðarstefna Reykjavíkur</li><li>– Þjónustustefna Reykjavíkur</li><li>– Alþjóðastefna Reykjavíkur</li><li>– Atvinnu og Nýsköpunarstefna Reykjavíkur (í smíðum)</li><li>– Lýðræðisstefna (í smíðum)</li><li>– Mannréttindastefna</li></ul>

<b>Nálgun</b>	<p>IMPULSE er fjölþjóðlegt verkefni, samstarf 16 evrópskra aðila með aðkomu 14 snjallhraðla í Evrópu. IMPULSE mun gera tilraunir með auðkennislausnir hjá 6 opinberum stofnunum. Tilfellin varða þróun snjallkorts (Gijon) rafræna skráningu (Reykjavík), rafræna kvörtunargátt (Ertz), stafrænt aðgengi að persónugögnum (Aarhus) öryggi persónuupplýsinga (Peshtera) og stafrænt aðgengi fyrirtækja að þjónustugáttum hins opinbera (Unioncamera). Tilraunir eiga sér stað í mánuði 16 og mánuði 28. IMPULSE er hannað í 7 aðgerðaliðum (AL).</p> <p><i>AL1. Verkefnastjórnun</i>  <i>AL2. Hönnun og tilraunir með auðkennislausnir</i>  <i>AL3. Greining staðla, lagaleg og siðferðisleg álitamál</i>  <i>AL4. Hagræn, félagsleg og pólitísk álitamál</i>  <i>AL5. Tækniþróun og samhæfing</i>  <i>AL6. Vegvísir að innleiðingu, skölun og sjálfbærni</i>  <i>AL7. Kynningar og markaðir</i></p> <p>Aðkoma Reykjavíkur verður hönnun og tilraunir með auðkennislausnir sem gera einstaklingum sem búa við líkamlega skerðingu kleift að auðkenna sig með einföldum og skilvirkum hætti á samráðsgáttum Reykjavíkur. Reykjavík mun eiga samvinna við <a href="http://citizens.is">citizens.is</a> og <a href="http://Frumbjörg">Frumbjörg</a> með aðkomu <a href="http://Snjallræðis">Snjallræðis</a> og eftir atvikum annara hagaðila t.d. Öryrkjabandalag, blindrafélag og háskólasamfélags.</p>
<b>Ávinningur</b>	<p>IMPULSE hefur beina vísan í <i>Græna Planid</i> og því að engin verði skilin eftir í grænni umbreytingu borgarinnar. Væntingarnar eru að IMPULSE muni auðvelda borgurum sem búa við líkamlega skerðingu aðgengi að samráðsgáttum borgarinnar og þar með að ákvarðanatöku sem varða hagsmuni þeirra. Í afurðum sínum mun verkefnið mun eiga mikilvægt innlegg í stafræna umbreytingu borgarinnar sem óumflýjanlega mun varða innleiðingu gervigreindar og eftir atvikum bálkatakni.</p>
<b>Samstarfsaðilar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Citizens.is</li> <li>– Frumbjörg</li> <li>– Snjallræði</li> </ul>
<b>Hagaðilar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Svið þjónustu og nýsköpunar</li> <li>– Velferðarsvið</li> <li>– Skrifstofa mannréttinda og lýðræðis</li> <li>– Öryrkjabandalag</li> <li>– Blindrafélag</li> <li>– Þjóðskrá</li> <li>– Háskóli Íslands</li> <li>– Háskólinn í Reykjavík</li> <li>– Félag eldri borgara (öldungaráð)</li> <li>– Aðgengis og samráðsnefnd fatlaðs fólks</li> </ul>